

Mættir: Kristján Geirsson, Ragnheiður Garðarsdóttir, Helga Erla Albertsdóttir, Arnar Stefánsson, Inga Brynja Magnúsdóttir og Davíð Heimisson.

Fjarverandi: Magnús Andrésdóttir

Fundur nr. 4 skólaárið 2018-2019

Heiðarskóli 5. mars 2019 kl. 19:30. Fundargerð Helga Erla Albertsdóttir

---

**Dagskrá:**

1. Tímaritatilboð til grunnskóla
2. Aðalfundur foreldrafélags Heiðarskóla
3. Sumarhátíð / heiðarleikar
4. Önnur mál

**1. Tímaritatilboð til grunnskóla**

Tímaritatilboð til 6 grunnskóla frá Eddu útgáfu og er Heiðarskóli einn af þeim skólum. Tilboðið hljóðar upp á 15 stk af Andrésblöðum og 15 stk af Syrpum samtals 14.100 kr eða 30 stk af Andrésblöðum og 30 stk af Syrpum samtals 24.900 kr. Samþykkt að kaupa tilboðið sem er að fjárhæð 24.900 kr að því tilskildu að stjórnendur skólans samþykki þar sem blöðin verða á göngum skólans fyrir nemendur.

**2. Aðalfundur foreldrafélags Heiðarskóla**

Ákveðið að aðalfundur foreldrafélags Heiðarskóla verði haldinn 20 maí 2019 kl 20.

**3. Sumarhátíð / Heiðarleikar**

Heiðarleikarnir og sumarhátíðin verða 31. maí 2019. Umræður um fyrirkomulag.

**4. Önnur mál**

Samþykkt af stjórn þann 18. janúar 2019 að gefa til skólans 2 samlokugrill og örbylgjuofn.

Samþykkt af stjórn þann 8. febrúar 2019 að styrkja 2 fyrirlestra á þemadögum skólans sem haldnir voru 13 - 15 febrúar 2019. Fyrirlestrarnir voru Villi Vísindamaður fyrir yngsta stig og Sævar Helgi Bragason fyrir miðstig. Samtals nam styrkurinn kr 190.000.

Árshátíð / kvöldverður 10 bekkjar verður mánudaginn 29 apríl 2019. Rætt um fyrirkomulag og kaup á blómum.

Umræður um afmælisár skólans.